

**L Ö G**

um sölu lands úr ríkisjörðinni Grenivík í Grýtubakkahreppi.

**HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

**1. gr.**

Ríkisstjórn Íslands er heimilt að selja hafnarsjóði Grýtubakkahrepps landspildu úr landi Grenivíkur, allt að 7 ha. að stærð, sem verði athafnasvæði fyrir nýja höfn á Grenivík.

**2. gr.**

Náist ekki samkomulag um verð hins selda lands, skal það ákvarðað af 2 dómkvöddum mönnum.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.*

**Bjarni Benediktsson.**

**Birgir Finnsson.**

**Gizur Bergsteinsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

**L Ö G**

um breyting á girðingalögum, nr. 10 25. marz 1965.

**HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

**1. gr.**

7. gr. laganna orðist svo:

Vilji meiri hluti ábúenda eða eigenda jarða, er liggja að afrétt, girða milli afréttarinnar og heimalanda sinna, skulu eigendur eða notendur afréttarinnar greiða  $\frac{4}{5}$  hluta stofnkostnaðar girðingarinnar, en eigendur eða ábúendur hlutaðeigandi jarða  $\frac{1}{5}$ . Ef ágreiningur verður um framkvæmd verksins, fer um það eins og segir í 5. gr. Um girðingarkostnað milli afréttarlanda gilda sömu reglur og um landamerkjagirðingar sé að ræða. Viðhaldskostnaður allra girðinga greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður nema þeirra girðinga, er vegagerðin setur upp (sbr. 9. gr.),